



Reglugerð um Pepsi mót

1. grein

Keppt er samkvæmt almennum keppnisreglum KLÍ (byggðum á almennum keppnisreglum FIQ/WTBA).

2. grein

Mótið er opið og þátttaka er öllum heimil. Konur fá ekki auka 8 pinna. Mótið er styrktarmót fyrir deldina og nýtur stuðnings frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar.

3. grein

Keppnin fer fram að jafnaði vikulega á sunnudagskvöldum, sjá dagskrá á vef KLÍ hverju sinni. Leikin er 4 leikja sería og er skipt um brautarpar eftir tvo leiki. Leikmenn færast upp um sett.

Keppnin er flokkaskipt og skal keppa í fjórum flokkum skv. gildandi alsherjarmeðaltali KLÍ:

- * 185 og yfir
- A 170 til 184,9
- B 150 til 169,9
- C 149,9 og lægra

4. grein

Veitt eru verðlaun eftir hvert mót fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki:

- 1. sæti = 6 gosflöskur
- 2. sæti = 4 gosflöskur
- 3. sæti = 2 gosflöskur